



## Almannavarnir Árnæssýslu

22. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn föstudaginn  
9. október, 2015 kl: 14:00 í fundarsal Björgunarmiðstöðvarinnar á  
Selfossi.

### Mætt:

Árborg

Hveragerði

Skeið- og Gnúpverjahreppur

Hrunamannahreppur

Ölfus

Flóahreppur

Bláskógabyggð

Rauði-krossinn

Svæðisstjórn björgunarsveita

Svæðisstjórn björgunarsveita

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi

Almannavarnardeild RLS

Almannavarnir Árnæssýslu

Almannavarnir Árnæssýslu

Almannavarnir Árnæssýslu

Ásta Stefánsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Kristófer A. Tómasson

Jón Valgeirsson

Gunnsteinn Ómarsson

Eydís Indriðadóttir

Valtýr Valtýsson

Eyvindur Bjarnason

Lárus Kristinn Guðmundsson

Viðar Arason

Kjartan Þorkelsson

Sveinn Kristján Rúnarsson

Víðir Reynisson

Hjálmar Björgvinsson

Kristján Einarsson

Pétur Pétursson

Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Ásta Stefánsdóttir biður fundarmenn velkomna og setur fundinn.

### 1. Kynning á verkefnum sem Víðir Reynisson kemur að í tengslum við þá vinnu sem fyrirhugað er að hann vinni á komandi ári.

Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri á Suðurlandi kynnir Víði Reynisson, lögreglufulltrúa á Suðurlandi.

Víðir kynnir það samstarfsverkefni lögreglunnar og sveitarfélaganna á Suðurlandi, *Eitt svæði – eitt afl*, sem hann hefur verið ráðinn til að sinna.

Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs sem m.a. felst í sér gerð og uppfærslu á viðbragðsáætlunum fyrir helstu vár sem ógna íbúum svæðisins. Til stendur að halda m.a. hópslysaáætlun, skrifborðsæfingar og fræðslukvöld fyrir vettvangsstjóra. Eins að virkja almenning með almannavarnardegi á hverjum stað.

Kjartan sagði frá stýrihópi um öryggi ferðamanna sem hann er formaður í og veltir upp þeirri spurning hvaða verkefni sé brýnast til að efla öryggi ferðamanna, hvað þurfi að gera strax. Fundarmenn eru sammála um að bæta þurfi vegakerfið og auka löggæslu.

Valtýr sagði frá því að Bláskógabyggð hefur látið gera fyrir sig áhættumat fyrir sumarbústaðabyggðir í sveitarfélaginu vegna gróður- og kjarrelda. Víðir taldi að brýnt væri að koma á fundi með sér og fulltrúum Brunavarna Árnassýslu til að fara yfir áætlunarmál vegna kjarrelda í Árnassýslu.

**2. Önnur mál**

Hjálmar Björgvinsson, nýr deildarstjóri almannavarna hjá Ríkislögreglustjóra, kynnti sig fyrir fundarmönnum og sagði frá sínum áherslum í starfi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10